



Alþingi
Erindi nr. P 139/2303
komudagur 6.5.2011

NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6.maí 2011
NMSI 2011.040

Erindi: Umsögn um frumvörp til laga um safnalög, lög um menningarminnjar og um Þjóðminjasafn – mál: 650, 651, 648 og 649

Náttúruminjasafn Íslands hefur í samvinnu við safnaráð sent sameiginlegar athugasemdir við ofangreind frumvörp. Að auki gerir Náttúruminjasafnið eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til safnalaga, Þskj. 1152, mál 650. Mörg atriði í frumvarpinu eru til bóta og skref fram á við.

Sérstaklega er vakin athygli á illa skilgreindri starfsemi safnvísa, setra og sýninga í 5. grein. Það er verulega slæmt að lögfesta starfsemi sem ekki er unnt að lýsa á annan hátt en tilgreina hvað ekki er gert og þokukennda lýsingu „að nokkru leyti“ og „að jafnaði“. **Skilgreining verður að vera skýr, annars er betra að sleppa henni alveg.** Þá er orðið „setur“ víða notað á landinu yfir margskonar starfsemi, sýningar, gestastofur, rannsóknarsetur o.fl. Lagt er til að fella 5. gr niður eða breyta verulega.

Í greinargerð frá fjármálaráðuneyti með frumvarpinu kemur ranglega fram að í safnaráði sitji 7 manns. Þar sitja 5 manns.

Frumvarp til safnalaga Þskj. 1152- 650. mál. Athugasemdir við einstakar greinar.

I kafli 3.gr

.....Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

[Náttúruvísindi ná yfir líf- og jarðfræði og einnig efna- og eðlisfræði.]

I kafli 4. og 5. gr

Er þörf á að skilgreina svo margar gerðir safntengdrar starfsemi sem frumvarpið gerir? Það er ekki gert í stærri löndum.

1. Höfuðsöfn
2. Viðurkennd söfn
3. Óviðurkennd söfn – söfn sem ekki leita eftir viðurkenningu eða ná henni ekki.
4. Ábyrgðarsöfn
5. Safnvísir – viðurkenndur og óviðurkenndur
6. Setur – viðurkennt og óviðurkennt
7. Sýning – viðurkennd og óviðurkennd

Dæmi:

- Morgunblaðið sinnir rannsóknum og miðlun og fellur því undir skilgreininguna setur. Það varðveitir einnig skrásett ljósmyndasöfn og viðamikla gagnagrunna sem miðlað er á vefnum. **Hvort Morgunblaðið setur eða safnvísir?**

- Allar rannsóknarstofnanir sinna miðlun á einhvern hátt, t.d. með vefsíðu, skýrslum, greinum o.fl. og því myndu allar slíkar falla undir löggin sem setur, allar Náttúrustofur, Hafró, Náttúrufræðistofnun, Landgræðslan, Ísor, Háskóli Íslands o.fl.
- Ekki eru sett skilyrði fyrir því að starfsemi skv. 5 gr. sé í almannabágu, sé opin almenningi eða sé ekki sett upp til hagnaðarauka. Þá er t.d. ekki kveðið á um eða skýrt hve lengi “sýning” þarf að vera opin eða á hvaða formi hún er. Falla t.d. sölusýningar á vélum í sjávarútvegi eða landbúnaðartækjum undir þessa skilgreiningu? Þær eru oft sjálfstæðar rekstrareiningar og sinna ekki söfnun, varðveislu eða rannsóknum.

I. kafli 7. gr

Liður f.

Safnaráð er skv. frumvarpinu að 3/5 skipað af aðilum sem ekki eru fagmenn. Það verður að efast um hæfni slíks ráðs að setja reglur og skilmála um skráningarkerfi safna. M.a. þess vegna er bent á kosti þess að hafa höfuðsöfn sem virka aðila að safnaráði.

I. kafli 8. gr

.....Safnkostur höfuðsafna skal vera svo heildstæður sem kostur er og ná til allra þátta sem heyrir undir ábyrgðarsvið safnsins. Safnkosturinn skal vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skal jafnframt vera undirstaða rannsókna þeirra og aðgengilegur öðrum aðilum til rannsókna.

[Söfn eru ekki aðeins til að miðla og sýna, þau eiga að tryggja varðveislu menningararfs þjóðarinnar og aðra þætti í sögu landsins.]

[ATHS. Í greinargerð segir v. 8. greinar: *Í þessu samhengi er rétt að benda á að vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ásamt safnkosti Náttúruminjasafns Íslands undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess skv. 3. gr. laga um safnið. Í þessu tilviki er rétt að benda á náttúruminjasöfn um heim allan hafa það hlutverk og skyldu að safna gripum og gögnum um náttúruna og varðveita. Safnið lítur á þessa grein að hún útvíkki aðstöðu safnsins en takmarki ekki skyldur hennar til að safna og varðveita, enda hefur safnið annað og víðara hlutverk en Náttúrufræðistofnun Íslands.]*

II. kafli 10. gr

.....5. Safn skal veita innlendum skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulegum heimsóknum vegna náms aðgang án gjaldtöku.

VI. kafli 21. gr.

.....Í þeim tilgangi getur sjóðurinn styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarfsverkefni slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni þeirra.

[Ekki getur verið eðlilegt að safnasjóður styrki hvað sem er og er því rétt að takmarka styrkveitingar við starfsemi safnanna.]

Að öðru leyti og varðandi mál 648, 649 og 651 er vísað til sameiginlegra athugasemda safnaráðs.

Dr. Helgi Torfason,
Safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

